

Hagsmunagæsla Íslands gagnvart ESB

Forgangsmál 2016–2017

Árangursmat

Ríkisstjórn Íslands samþykkti hinn 20. september 2016, að höfðu samráði við utanríkismálanefnd Alþingis og hagsmunaaðila, fyrsta forgangslista ríkisstjórnarinnar yfir þau mál í lagasetningarferli hjá Evrópusambandinu (ESB), sem metin eru sem forgangsmál út frá íslenskum hagsmunum frá 2016–2017. Annars vegar er um að ræða mál þar sem enn er unnið að stefnumótun og mótun tillagna hjá framkvæmdastjórn ESB. Hins vegar geta mál verið komin á vinnslustig en þá hefur framkvæmdastjórnin þegar lagt fram tillögu að lagasetningu til ráðsins (þ.e. aðildarríkja ESB) og Evrópuþingsins.

Málaflokkarnir sem settir voru í forgang eru orkumál, loftslagsmál, samgöngumál, stafrænn innri markaður, fjármálastarfsemi, rannsóknir og nýsköpun, betri reglur og vinnumarkaðurinn. Tekið skal fram að málunum er ekki raðað eftir mikilvægi. Hverju máli fylgir rökstuðningur fyrir því að málið er í forgangi, tilgreint er hvar málið er statt hjá ESB og lagðar eru til aðgerðir til að hafa áhrif.

Tillögur um aðgerðir eru mismunandi eftir málaflokki og miðast meðal annars við hverjir eru hagsmunir, afstaða og markmið Íslands í málinu, hvar það er í lagasetningarferlinu hjá ESB og hvernig er best að ná settum markmiðum. Sameiginlegir mælikvarðar til að meta árangur eru því ekki augljósir en þó er hægt á þessu stigi að miða við hvort sérstakir fundir hafa verið skipulagðir um málið og hvort afstöðu Íslands hefur verið komið á framfæri gagnvart ESB.

Á sviði **orkumála** voru margir fundir á öllum stigum skipulagðir með ESB sérstaklega til að ræða kröfur Íslands um undanþágur frá tilskipunum um orkunýtni og orkunýtni bygginga og afstaða Íslands var lögð fram.

Ísland hefur tekið þátt í starfi ESB-nefnda á **loftslagssviðinu** og formlegar viðræður Íslands og Noregs um þátttöku í sameiginlegu markmiði 30 Evrópuríkja innan Parísarsamningsins hefjast væntanlega á fyrri hluta árs 2018.

Í tengslum við mál á **samgöngusviðinu** voru margir fundir haldnir með Evrópuþinginu og fulltrúa ráðsins þar sem áhyggjum Íslands var komið á framfæri varðandi samræmt evrópskt loftrými og endurskoðun á flugöryggisstofnun Evrópu. Fyrri málefnið er í biðstöðu hjá ESB vegna Brexit. Varðandi endurskoðun á flugöryggisstofnun Evrópu þá deildu sum ESB-ríkin áhyggjum með Íslandi varðandi ákveðnar greinar í tillögunni. Endanlegt samkomulag milli ráðsins, Evrópuþingsins og framkvæmdastjórnarinnar tók mið af þessum áhyggjum að þó nokkru leyti.

Varðandi stafrænan innri markað og þá sérstaklega **endurskoðun á fjarskiptaregluverki ESB** hafa EFTA-ríki innan EES sent fjögur álit til ESB síðan 2013 þar sem þau meðal annars hafa lýst ánægju sinni með að í endurskoðaðri tillögu framkvæmdastjórnarinnar sé komið til móts við óskir þeirra um að fella út ákvæði um áheyrnaraðild þeirra að BEREC (Body of European Regulators for Electronic Communications) en afstaða Íslands, Noregs og Liechtenstein er að það sé aðeins við upptöku gerða í EES-samninginn sem ákvörðun eigi að taka um þátttöku þeirra í stofnunum ESB. Nú er beðið eftir formlegu svari ESB varðandi drög að ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar.

Fylgst var með tillögu ESB varðandi **aðgreiningu innan bankastofnana á fjárfestingar- og viðskiptabankastarfsemi** en í september 2017 dró framkvæmdastjórn ESB tillöguna til baka þar sem hún hafði ekki hreyfst síðan 2015 og ýmsir þættir varðandi fjármálastöðugleika hafa verið teknir upp í aðrar gerðir er varða bankageirann.

Á tímabilinu 1. september 2016 til 31. maí sótti vísinda-, mennta- og menningarfulltrúi MMR í Brussel 27 fundi sem lúta beinlínis að undirbúningi á næstu **rannsóknar- og nýsköpunaráætlun eftir 2020**. Í fyrsta skipti síðan EES-samningurinn tók gildi hafði Ísland frumkvæði að því að senda inn álit á þessu sviði til framkvæmdastjórnar ESB og ráðsins á forstigi. Þar með er Ísland eitt af fyrstu EES-löndunum til að skila inn álitum til framkvæmdastjórnarinnar. Búist er við að tillaga framkvæmdastjórnarinnar verði birt vorið 2018.

Varðandi **betri reglur** þá fylgjast EFTA-vinnuhóparnir með og fjalla um þá löggjöf sem sætir endurskoðun innan ESB hverju sinni. Því er reynt að tryggja að sérfræðingar í íslensku stjórnarsýslunni fái vitneskju um endurskoðun löggjafar á þeirra sviði.

Fylgst hefur verið með tillögu um **útsenda starfsmenn** í gegnum vinnuhóp EFTA og Norðurlandasamstarfið en samningaviðræðum lauk nýlega milli ráðsins, Evrópuþingsins og framkvæmdastjórnarinnar.

Mikilvægt skref hefur verið stigið með því að setja upp forgangsramma utan um EES-mál. Þegar á heildina er litið hefur árangurinn verið góður. Ísland hefur á flestum sviðum komið á fundum og komið afstöðu á framfæri við ESB þar sem það á við. Lagasetningarferill ESB er langur og því er ótímabært að meta hvort hagsmunagæsla af Íslands hálfu hafi endanlega borið tilætlaðan árangur. Markvisst verður unnið áfram að hagsmunum Íslands með nýjum forgangslista á árinu 2018.